

Sveitarfélagið Hornafjörður
Skipulagsstjóri
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 22. janúar 2018
UST201712-014/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Skjólshólar í Hornafirði

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Hornafjarðar er barst 1. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi sjö gistihýsa á landi Skjólhóla í Hornafirði.

Skipulagssvæðið


Skjólshólar eru jörð í Hornafirði skammt frá Flóa norðaustur af þéttbýlinu á Hornafirði. Deiliskipulagssvæðið er tæpur hektari að stærð.

Fráveita

Í greinargerð kemur fram að áætlað er að fráveita fari í lífræna hreinsipró sem þarfnast ekki síubeðs. Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu nr. 798/1999 um fráveitu og skólp. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að öll fráveita verði í samráði við heilbrigðiseftirlit svæðisins, þar sem stutt er í Flóa frá deiliskipulagssvæðinu en Flói/Skarðsfjörður er á náttúruminjaskrá. Verndargildi Skarðsfjarðar er lífauðugar leirur og grunnsævi með miklu fuglalífi.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að þess sé gætt að gistihýsin verði felld að umhverfinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Rákel S Kristjánsdóttir
Sérfræðingur